

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
605 Akureyri

Reykjavík 1. desember 2020  
UST202011-065/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga- Deiliskipulagi fyrir Gása í Hörgársveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Gása í Hörgársveit.

Í greinargerð kemur fram að tilgangur skipulagsins er að m.a. að setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu á svæðinu fyrir útivist og ferðapjónustu og stuðla að verndun og varðveislu minja. Auk þess kemur fram að helstu viðfangsefni skipulagsins sé að skilgreina bílastæði, stíga, uppbyggingu miðaldabúða og bryggju, afmörkun minja- og afþreyingarsvæðis ásamt staðsetningu byggingareita fyrir geymslu, tilgátukirkju og miðasölu. Skipulagssvæðið er um 33,6 ha.

#### **Náttúruminjar**

Í greinargerð kemur fram að hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá, en þar finnast plöntur á valista, svæðið hefur alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífs, þar er ein af fáum leirum í Eyjafirði og einnig er þar að finna votlendi sem fellur undir sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk þess kemur fram að markmið skipulagsins er að leggja stíga um svæðið til að stýra umferð gesta og koma þar af leiðandi í veg fyrir rask á verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að tillagan hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

#### **Slóði**

Á uppdrætti er skilgreindur vinnuvegur – slóði, en hann er ekki sýndur í skýringum og ekki er fjallað frekar um hlutverk hans í greinargerð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um veginn í tillögunni og hlutverki hans svo að hægt sé að meta umhverfisáhrif hans.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum

kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.


Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.


Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf)



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur